

Skólaleikrit

VAKAÐ Á JÓLANÓTT

Pórunn Pálsdóttir

Persónur:

MAGNÚS

GÍSLI

LÁRA

PABBI

MAMMA

BINNI

ÁLFAKÓNGUR

ÁLFADROTTNING

BJARTUR álfasveinn

FRÍÐA álfadís

DÖGG álfadís

I. Þáttur

(MAGNÚS kemur úr einni átt en GÍSLI og LÁRA úr annarri. Þau mætast á miðjum pallinum fyrir framan leiktjöldin. Það er dregið fyrir sviðið).

MAGNÚS:

Sæl, hvaða ferð er á ykkur?

GÍSLI:

Nei, blessaður Maggi. Við erum að fara út í sjoppu og hitta krakkana.

LÁRA:

Við erum að fara í bíó. Kemurðu með?

MAGNÚS:

Pabbi og mamma eru ekki heima í kvöld svo við Gulli ætlum að leigja spólu og bara slappa af.

GÍSLI:

Oh, það er sko geðveikt að vera kominn í jólafrí. Enginn skóli og jólin að koma. Bara liggja á meltunni með tærnar upp í loft. Brjálæðislega þægilegt.

LÁRA:

Frábært! En hugsið ykkur að það er bara vika eftir af þessu ári.

GÍSLI

(setur sig í stellingar): Eins og skáldið sagði: „Nú árið er liðið í aldanna skaut.“

MAGNÚS:

Gísli er bara orðinn skáldlegur. Þú minnir mig á afa gamla.

LÁRA:

Heyriði, í síðasta nestistímanum fyrir jólafrí las kennarinn fyrir okkur þjóðsögu sem átti að gerast á jólanótt. Það var þjóðtrú að þá flyttust álfar búferlum og ef enginn var heima, eða kannski bara einn maður, þá komu álfarnir í heimsókn og dönsuðu.

GÍSLI:

Vá, hvernig nennirðu að hlusta á söguna sem kennarinn er að lesa?

LÁRA

(segir frá með innlifun): Og sá sem er heima verður að láta lítið bera á sér um nóttina. Og svo þegar birtir þá veður hann fram og segir: „Dagur, dagur“. Þá verða álfarnir svo ruglaðir, þjóta út og gleyma öllu gullinu og gersemunum sem þeir höfðu með sér.

GÍSLI:

Lára mín. Þú ert eitthvað rugluð. Það eru engir álfar til.

LÁRA:

Og svo má maðurinn alls ekki taka þátt í dansi álfanna.
Ef hann gerir það verður hann brjálaður.

MAGNÚS:

Krakkar, nú fékk ég alveg frábæra hugmynd. Við, fjölskyldan, erum alltaf von
að fara til afa og ömmu upp á Kjalarnes á aðfangadagskvöld eftir að við höfum
borðað og tekið upp gjafirnar. Hvernig væri að pabbi, mamma og Binni litlibróðir
færu, en ég yrði eftir. Það væri svolítið spennandi að vita hvort eitthvað gerðist.

LÁRA:

Áttu eitthvað erfitt? Það er ekkert gaman að vera einn á jólanótt.

MAGNÚS:

Áreiðanlega skemmtilegra en að hanga yfir kakóbolla og kleinum hjá ömmu og afa.

GÍSLI:

Þú ert klikkaður. Ég meina það. Við verðum að drífa okkur Lára. Komdu!
Bless, Maggi og skemmtu þér í álfapartíinu.

MAGNÚS:

Já, bless.

(MAGNÚS kveður og þau fara öll út).

TJALDIÐ

TÓNLIST

2. þáttur

(PABBI, MAMMA, BINNI og MAGNÚS sitja inni í stofu. Jólatré, jólapappír og jólagjafir eru á borðum. Konfektkassi á borði. PABBI og MAMMA eru að drekka kaffi).

PABBI

(leggur bollann frá sér á borðið): Jæja, þá skulum við fara að drífa okkur til ömmu og afa. Þau er farið að lengja eftir okkur.

MAGNÚS

(stendur upp): Ég var að hugsa um að vera heima núna á jólanótt. Ég er eitthvað slappur og mig langar svo til að vera einu sinni heima, lesa bók við kertaljós og borða konfekt. Svo gæti ég alveg hugsað mér að horfa á vídeóspólu sem ég fékk lánaða hjá Gísla.

MAMMA

(undrandi): Heima á jólanótt? Við lofuðum ömmu og afa að koma.

MAGNÚS:

Já, farið þið bara. Hafið engar áhyggjur af mér.

BINNI:

Þú getur ekki verið einn heima á jólanótt. Það er svo skuggalegt. Ekki myndi ég þora það.

MAGNÚS:

Gulla frænka og Palli hérna uppi eru alltaf heima og ef að eitthvað kemur upp á, þá fer ég bara til þeirra.

PABBI:

Þú ert aldeilis hugaður, sonur sæll.

BINNI:

Það gætu komið álfar og gert þig brjáláðan.

MAMMA:

Hvaða álfabull er þetta. (Við PABBA) Sturla, hvað segir þú? Eigum við að leyfa honum það?

PABBI

(stendur upp): Já, því ekki það. Hann er nú orðinn 13 ára strákurinn. Hann getur alltaf hringt í gemsann ef hann verður eitthvað banginn eða farið upp til Gullu systur þinnar. En nú verðum við að fara.

MAMMA

(gengur að glugganum og lítur út): Já, veðrið er eitthvað að versna. Við skulum drífa okkur. Bless, Magnús minn og hafðu það gott. (Fer til Magnúsar og kyssir hann á kinnina).

PABBI

(klappar á öxlina á Magnúsi): Bless, karlinn minn. Góða nótt og gleðileg jól.

BINNI:

Bless, bless, súper hero. Ég vona að við komum ekki að þér á morgun froðufellandi í brjálæðiskasti.

MAMMA:

Svona, svona, Brynjar Smári, þú gerir okkur hrædd. Komdu nú, bullukollur. Bless, Magnús minn.

MAGNÚS:

Bless, bless.

(MAMMA, PABBI OG BINNI fara út).

TJALDIÐ

3. Þáttur

(ÁLFAKÓNGUR, ÁLFADROTTNING, BJARTUR, DÖGG og FRÍÐA koma inn um dyr áhorfendasalar og ganga í átt að hurðinni við hliðina á sviðinu. BJARTUR heldur á kistli en hin halda á litríkum þokum).

ÁLFAKÓNGUR

(bendir á tjöldin): Þarna er ljóslaust. Við skulum fara þangað og hvíla okkur. Það er löng leið til Hafnarfjarðar.

ÁLFADROTTNING:

Já, ég er orðin dauðþreytt á þessum gangi.

(Þau fara öll fjögur inn um dyrnar við hliðina á sviðinu).

TJALDIÐ

TÓNLIST

4. Þáttur

(MAGNÚS situr í sófanum í stofunni og les í bók. Umgangur baksviðs).

MAGNÚS

(hrekkur við og lítur í átt að dyrunum): Það er einhver að koma.

Ég verð að láta fara lítið fyrir mér. (Hann sest út í horn og læst lesa í bók).

(ÁLFAKÓNGUR og hans föruneysi kemur inn í stofuna)

ÁLFAKÓNGUR

Bjartur, leggðu kistilinn þarna frá þér og þú mátt alls ekki gleyma honum þegar við förum.

Það eru gull og gersemar í kistlinum, ómetanleg verðmæti.

BJARTUR:

Skal gert, herra.

(Þau leggja öll föggur sínar frá sér).

ÁLFADROTTNING:

Leggið á borðið. Við skulum setjast og borða hátíðarmatinn.

(BJARTUR, DÖGG og FRÍÐA setja gullofinn dúk á borðið og leggja svo gylltan borðbúnað á það. ÁLFADROTTNING og ÁLFAKÓNGUR sitja á meðan og fylgjast með).

FRÍÐA

(tekur stóra skál upp úr poka sínum og setur á mitt borðið og leggur stóra gullskeið í skálina):

Gjörrið svo vel. Nú er maturinn tilbúinn. *(Fer til MAGNÚSAR)* Vilt þú borða súkkulaðiköku með okkur? *(MAGNÚS svarar ekki. Hann lætur sem hann sjái hana ekki).*

Finnst þér súkkulaðikaka ekki góð? *(MAGNÚS lætur sem hann heyri ekki og þykist lesa í bókinni. Hún hristir höfuðið og fer til hinna).*

(Álfahirðin sest öll til borðs. Þau þykjast borða).

BJARTUR:

Súkkulaðikakan þín er alltaf jafn góð, Fríða.

FRÍÐA:

Þakka þér fyrir, Bjartur.

ÁLFAKÓNGUR:

Já, það eru orð að sönnu. Þetta var ljúffengur matur. Nú er ég orðinn pakksaddur.

Förum nú að syngja og dansa. Ryðjið öllu frá svo við höfum nóg pláss.

(FRÍÐA og BJARTUR setja allan borðbúnaðinn í pokana og ganga frá borðinu.

DÖGG fer til MAGNÚSAR).

DÖGG

Komdu og dansaðu með okkur, mennski maður.

(MAGNÚS hristir höfuðið og þykist lesa í bókinni).

DÖGG:

Hvers vegna viltu ekki dansa? Þorirðu ekki að dansa við mig? Hvað heldurðu að gerist? Þú trúir því varla að þú verðir brjáláður ef þú dansar við álfa á jólanótt? Langar þig ekki að dansa?

(MAGNÚS svarar engu og læst lesa áfram).

FRÍÐA

(kemur til DAGGAR): Láttu strákin í friði. Komdu að dansa, Dögg.

(Pau mynda hring á sviðinu og dansa og syngja).

Nú er glatt í hverjum hól,
hátt nú allir kveði.
Hinstu nótt um heilög jól
höldum álfagleði.

Fagurt er rökkrið
við ramman vættasöng.
:::Syngjum dátt og dönsum,
því nóttin er svo löng.::

Kátir ljúflings kveðum lag,
kveðum draumbót snjalla,
kveðum glaðir Gýgjarslag,
glatt er nú á hjalla.

Fagurt er rökkrið
við ramman vættasöng.
:::Syngjum dátt og dönsum,
því nóttin er svo löng.::

ÁLFAKÓNGUR

(kemur fram á sviðið):

Nú skulum við fara að taka saman föggur okkar, en áður ætla ég að biðja Bjart að koma með kistilinn (*BJARTUR afhendir konungi kistilinn. KONUNGUR tekur silfurkross mikinn upp úr kistlinum*). Bjartur álfasveinn, þú hefur verið dyggur þegn og því ætla ég að gef þér þennan kross, sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf.

BJARTUR

(tekur við krossinum): Þakka þér fyrir, herra. Þetta er mér mikill heiður.

ÁLFAKÓNGUR:

Þessi kross hefur þá náttúru að allir sem bera hann verða ráðagóðir og gæfusamir álfar.

(Í þann mund sem ÁLFAKÓNGUR mundar keðjuna á krossinum og ætlar að setja hann um háls BJARTS, rýkur MAGNÚS upp).

MAGNÚS

(hrópar): Dagur, Dagur. Það er kominn dagur!

(Mikil ringulreið skapast. Álfarnir hlaupa fram og til baka. ÁLFAKÓNGUR missir menið á gólfíð. BJARTUR man eftir því að taka kistilinn og hinir álfarnir taka sitt dót. Krossinn verður eftir á gólfinu. Þeir fara svo hrópandi út).

MAGNÚS

(steini lostinn): Ég trúi þessu ekki!! Var mig að dreyma þetta? *(Sér krossinn og tekur hann upp).* Váá, þetta er krossinn sem Bjartur átti að fá. Ég held á honum. Ég finn fyrir honum. Þetta er svo ótrúlegt að ég get ekki sagt neinum frá þessu. Glætan, að ég segði Gísla frá þessu. Hann myndi ekki tala við mig meira. *(Hugsar sig um).* Ég ætla að fara að sofa og ef ég verð með hann á mér þegar ég vakna, þá veit ég hvort þetta var draumur eða veruleiki. *(Hann fer út).*

TJALDIÐ

TÓNLIST

5. Þáttur

(Herbergi Magnúsar. Plaköt á veggjum, rúm, náttborð. MAGNÚS sefur í rúminu. PABBI, MAMMA og BINNI koma inn. Þau fara að rúmi Magnúsar. Hann rumskar).

PABBI:

Góðan daginn, Magnús minn og gleðileg jól.

MAGNÚS

(syfjulega): Gleðileg jól.

MAMMA:

Þú hefur aldeilis sofið. Klukkan er að verða þrjú.

BINNI:

Svefnpurkka.

MAMMA:

Hvernig hafðirðu það annars í nótt?

MAGNÚS:

Bara fínt. Þetta var mjög notalegt.

MAMMA:

Jæja, það var gott. Við erum að fara í kaffi til Gullu frænku.

PABBI:

Gulla sagðist hafa heyrt einhver læti frá íbúðinni. Einhvern óm af dansi og söng.

MAMMA:

Það getur varla verið. Hún Gulla er svo ímyndunarveik. Hún þóttist oft sjá álfa og drauga þegar hún var lítil. Ég var alltaf hrædd þegar hún byrjaði að tala um þetta.

MAGNÚS:

Ég var að horfa á mynd og ég hef kannski stillt tækið of hátt.

PABBI:

Þú drífur þig í fötin, kallinn minn og kemur svo með okkur upp í kaffi.

BINNI

(glennir sig framan í hann): Letihaugur.

(PABBI, MAMMA og BINNI fara út).

MAGNÚS

(sest upp, geispar og teygir sig): Oh, kaffi til Gullu frænku. *(Brosir, hress).* Jæja, það er ekki sem verst. Það getur stundum verið gaman að spila við gamla gengið. *(Tekur eftir krossinum á sér, stendur upp).* Krossinn!! Kræst, ég trúi þessu ekki. Þetta gerðist í alvörunni. *(Ánægður).* Ég ætla alltaf að vera með hann. Hvað sagði álfakóngurinn við Bjart. Allir sem bera þennan kross verða ráðagóðir og gæfusamir álfar. Þetta hlýtur líka að eiga við okkur mennina.

TJALDIÐ

TÓNLIST

6. þáttur

(Stofan. MAGNÚS og BINNI sitja í sófanum).

MAGNÚS

(stendur upp og fer út að glugganum): Hann Gísli hlýtur að fara að koma.

BINNI:

Klukkan er orðin svo margt. Pabbi og mamma ætluðu ekki að vera svona lengi.

Ég er orðin svo syfjaður. Við vöktum svo lengi í nótt. Váá, ég hef aldrei upplifað annað eins. Flugeldarnir! Lætin! Maður gleymir þessu aldrei.

MAGNÚS:

Þú getur nú alveg farið að sofa, Binni minn. Þarna koma Gísli og Lára.

(Kallar út um gluggann). Hæ, krakkar komið þið inn.

(GÍSLI og LÁRA koma inn).

GÍSLI:

Ég hitti Láru á leiðinni. Ég sagði henni að koma með.

LÁRA:

Gleðilegt ár!

Gísli:

Já, Gleðilegt ár!

Magnús:

Gleðilegt ár!

GÍSLI:

Nei, litli bróðir er enn vakandi. Ég hélt að Óli Lokbrá væri fyrir löngu búinn að heimsækja smábörnin.

BINNI:

Á þetta að vera fyndið. Ég er nú orðin 9 ára. Ég er ekkert smábarn. Jæja, góða nótt.

ÖLL:

Góða nótt.

(BINNI fer út)

LÁRA

(við MAGNÚS): Við höfum ekki séð þig síðan um jólin. Varstu einn heima á jólanótt?

MAGNÚS:

Já.

GÍSLI:

Hvernig fílaðirðu það?

MAGNÚS:

Það var allt í lagi. Ég horfði á mynd og slappaði af.

LÁRA:

Gerðist ekkert?

MAGNÚS:

Nei, nei ekkert merkilegt svo sem.

GÍSLI:

Pú ert eitthvað svo dularfullur.

LÁRA:

Ég frétti af því að þú hefðir fundið seðlaveski með hundrað þúsund krónum í og þegar þú skilaðir því til eigandans fékkstu tíu þúsund krónur í fundarlaun.

MAGNÚS:

Já, þetta var alveg ótrúleg heppni.

LÁRA:

(sér glitta í hálsmenið): Hvað ertu með um hálsinn?

MAGNÚS:

(tekur krossinn af sér og sýnir börnunum hann). Ég fann þetta úti. Þetta lá bara á jörðinni.

GÍSLI:

Rosalega er þetta flottur kross. Leyfðu mér að skoða hann.

(Hrifsar krossinn af MAGNÚSI).

MAGNÚS

(reynir að ná krossinum af GÍSLA): Láttu mig fá krossinn!

(GÍSLI hleypur um. Þeir kljást og krossinn dettur á gólfíð, þ.e.a.s. á pallinn fyrir framan sviðið. Börnin þrjú frjósa á staðnum).

TÓNLIST *(skuggaleg)*

LJÓSabreyting *(slökkt á sviði en ljós á palli)*

(ÁLFAKÓNGUR, ÁLFADROTTNING, BJARTUR, FRÍÐA og DÖGG koma út um hliðardyr og nálgast pallinn. Þau stoppa áður en þau koma að honum).

ÁLFAKÓNGUR:

Þú verður að ná krossinum aftur, Bjartur.

ÁLFADROTTNING:

Þú kallar yfir þig mikla ógæfu ef þú ert ekki með hann.

BJARTUR:

Ég skal gera allt sem í mínu valdi stendur til að ná honum aftur.

FRÍÐA

(*sér krossinn á pallinum*): Er þetta ekki krossinn þinn, Bjartur?

BJARTUR

(*fer upp á pallinn og tekur hann upp*): Jú, þökk sé öllum vættum og dísum.

Hann er fundinn. (*Hann setur krossinn á sig*).

ÁLFAKÓNGUR:

Förum nú aftur til Hafnarfjarðar og dönsu og syngjum í nýju hallarkynnunum okkar.

(*Álfar fara út*).

TÓNLIST

LJÓSabreytingar

LÁRA:

(*eins og hún vakni úr dái*): Hvað var þetta? Váá, rosalega var þetta skrítið.

Mér fannst eins og ég hefði séð huldufólk. Sáuð þið eitthvað?

(*MAGNÚS segir ekkert*).

GÍSLI:

Ég veit það ekki. Hvar er krossinn?

LÁRA:

Hann er horfinn.

GÍSLI:

Er hann horfinn? Það getur ekki verið. (*Gengur fram á sviðið og horfir út í sal*).

Já, en álfar eru ekki til!!!

Lokasöngur

(*Lag: Stóð ég út í tunglsljósi*)

BINNI:

Hann sagði okkur hann vildi vera heima einn.

Hvað vakti fyrir Magga vissi ekki neinn.

GÍSLI:

Að bíða eftir álfum og eignast þeirra gull.

ALLIR:

En aðallega' að sanna að þjóðsaga' er ei bull.

En aðallega' að sanna að þjóðsaga' er ei bull.

ÁLFAR:

Við lúin vorum orðin og óskaplega köld.

Opin standa húsin á aðfangadagskvöld.

MAGNÚS:

Úr felum sá ég álfa fagran stíga dans.

ALLIR:

Með fríðleika og veigum þau freista reyndu hans.

Með fríðleika og veigum þau freista reyndu hans.

ALLIR:

Jólaljósinn tindra og lýsa okkar bæ

Óma jólasöngvar út um lönd og sæ.

Jólin eru' að koma og álfar fara' á ról.

Öll við fögnum hátíð með hækkandi sól.

Öll við fögnum hátíð með hækkandi sól.